

## Eyþing. Áhersluverkefni 2017

Verkefni 2017 - 3	Smávirkjanakostir á Norðurlandi eystra - frumúttekt
Markmið	<p>Að kanna möguleika á aukinni sjálfbærni í raforkunotkun með smávirkjunum.</p> <p>Að vinna greinargerð sem gefur áhugasömum virkjanaaðilum yfirsýn yfir virkjanakosti á svæðinu.</p>
Stutt verkefnislýsing	<p>Atvinnuþróunarfélögin eru að bregðast við skorti á upplýsingum er kemur að smávirkjanakostum. Á svæðinu hafa nokkrir kostir verið skoðaðir en ekki liggur fyrir heildstætt yfirlit.</p> <p>Kveikjan að þessari vinnu var fundur Orkustofnunar í samstarfi við Eyþing en þar hvatti Erla Björk Þorgeirsdóttir heimamenn til þess að gefa smávirkjunum gaum. Smávirkjanir munu ekki leysa orkuvanda svæðisins en eru góð viðbót og geta verið sérstaklega hagkvæmar í mörgum tilfellum. Jafnframt hefur Orkustofnun óskað eftir tilnefningu frá landshlutunum að virkjanakosti til nánari útfærslu samkvæmt rammaáætlun og mun úttektin aðstoða í þeirri vinnu.</p> <p>Verkið felst í frumúttekt á smávirkjanakostum af stærðargráðunni 50 kW – 10 MW á starfssvæði Eyþings þar sem metnir verða 50-60 kostir og mun úttektin innihalda kortlagningu vatnsfalla skv. loftmyndakorti og áætlað vatnasvið. Helstu kennistærðir verða metnar, s.s. rennsli, fallhæð, afl og framleiðsla og mat lagt á miðlunarmöguleika. Einnig verður horft til líklegra umhverfisáhrifa og mat lagt á tengingar við dreifikerfi.</p> <p>Smávirkjanir eru allar virkjanir sem eru undir 10 MW og þurfa að jafnaði ekki í umhverfismat.</p> <p>Atvinnuþróunarfélögin hafa unnið verkefnalýsingu og boðið verkið út. Vettvangsvinna mun að mestu leyti fara fram haustið 2017 og fyrri hluta vetrar.</p>
Framkvæmdaaðili	<p>Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga verða framkvæmdaraðilar verksins. Sérfræðiþjónusta verður keypt af verkfræðistofunni EFLU skv. tilboði.</p>
Samstarfsaðilar	<p>Samstarfsaðilar atvinnuþróunarfélaganna verða sveitarfélögin á svæðinu, landeigendur og félagið Eimur (áhersluverkefni).</p>
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	<p>Verkefnið sem hér er lýst hefur beina skírskotun í aðgerðaáætlun Sóknaráætlunar Norðurlands eystra. Í kafla 5.1.2. segir að greina eigi möguleika smávirkjana í landshlutunum og eru atvinnuþróunarfélögin skilgreind sem ábyrgðaraðilar.</p> <p>Aðgerð 5.1.2. vísar til eins af meginmarkmiðum Sóknaráætlunar sem er Fjölnýting orkuaðlinda og undirmarkmiðs þess (5.1) sem er Að auka og</p>

	bæta nýtingu orkuauðlinda svæðisins – auka verðmætasköpun og sjálfbærni.
Árangursmælikvarðar	Atvinnuþróunarfélögin líta svo að þau séu að leggja til grunn upplýsingar til sveitarfélaga, landeigenda og annarra hagsmunaaðila. Sá grunnur getur nýst til aukinnar sjálfbærni í orkumálum svæðisins og styður þar með megin markmið EIMS sem Eyþing er einnig aðili að.
Lokaafurð	Afurð verkefnisins verður heilstæð greinargerð um smávirkjanakosti á Eyþingssvæðinu, stærð þeirra og hagkvæmni. Einnig verða listaðar upp þær smávirkjanir sem þegar eru í gangi og stækkunarmöguleikar þeirra. Niðurstöðurnar verða á formi flokkunar á kostum ásamt tillögum um frekari athuganir.  Með þessari úttekt verður hægt að bera saman kosti og finna þá hagkvæmustu til virkjana. Sveitarfélög, landeigendur eða aðrir áhugasamir munu svo geta tekið og skoðað einstaka kosti með ítarlegri hætti.
Tímarammi	Verkefnið mun ná yfir eitt ár og verður lokið á árinu 2018.
Áætlaður kostnaður	Kostnaðaráætlun verksins er 10 - 11 milljónir á verktímanum. Hún byggist á tilboði frá verkfræðistofunni EFLU ásamt vinnuframlagi atvinnuþróunarfélaganna, sem áætlað er að nemi 4 milljónum kr.
Framlag úr sóknaráætlun 2017	6.500.000 kr.